



Reykjavík, 16. desember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 33. mál.


Borist hefur tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 33. mál, þar sem óskað er eftir umsögn Impru nýsköpunarmiðstöðvar.

Ekki er tilefni til að gera athugasemdir við þingsályktunina, né heldur tillögur til breytinga. Vakin er athygli á því að rekin er umfangsmikil starfsemi á Akureyri og í Reykjavík á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar. Nánari upplýsingar um starfsemi og verkefni Impru er að finna á heimasíðu miðstövarinnar [www.impra.is](http://www.impra.is) og á heimasíðu Iðntæknistofnunar [www.iti.is](http://www.iti.is).

Impra nýsköpunarmiðstöð veitir nú fumkvöðlum, hvar sem er á landinu, upplýsingar og handleiðslu við stofnun og rekstur fyrirtækja, án endurgjalds. Impra veitir einnig frumkvöðlum, hvar sem er á landinu, styrki til ýmiskonar verkefna, þ.m.t. til umsókna um einkaleyfi, hagkvæmnisathugana og gerð viðskiptaáætlana. Impra veitir einnig litlum og meðalstórum fyrirtækjum á landsbyggðinni styrki til kaupa á ráðgjöf og styrki til nýsköpunar og vöruþróunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Impru nýsköpunarmiðstöðvar

  
Berglind Hallgrímsdóttir  
framkvæmdastjóri

